

SAMNINGUR HUMARHÁTÍÐ Á HORNAFIRÐI 2024

Sveitarfélagið Hornafjörður kt. 590169-4639 annars vegar og hópur áhugasamra einstaklinga gera með sér samkomulag um að framkvæmd Humarhátíðar.

1. gr.

Tilgangur

Tilgangur er að halda fjölskylduvæna bæjarhátíð á Hornafirði. Leitast skal við að orðspor og öll umgjörð hátíðarinnar hennar verði jákvæð og eftirsóknarverður áfangastaður fjölskyldna. Skal hátíðin haldin síðustu helgina í júní ár hvert, eða helgina 28. júní - 30. júní 2024. Eitt af markmiðum hátíðarinnar skal vera að kynna sveitarfélagið og afurðir þess fyrir gestum hennar.

2. gr.

Gildistími

Samningur þessi er gerður til eins árs og tekur til hátíðarhalds 2024. Skila skal uppgjöri vegna hátíðarinnar fyrir 1. september 2024. Bæjarráð og hátíðarstjórn funda í tengslum við skil á uppgjöri og fara yfir hátíðina.

3. gr.

Fjárhagslegt framlag Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Sveitarfélagið leggur til fjárframlag að upphæð fimm og hálf milljón 5.500.000,- krónur.

4. gr.

Aðkoma starfsmanna sveitarfélagsins að Humarhátíð 2024

Atvinnu- og ferðamálafulltrúi er tengiliður hátíðarstjórnar við stjórnarsýsluna og aðrar stofnanir sveitarfélagsins varðandi Humarhátíð.

Forstöðumaður íþróttamannvirkja aðstoðar hátíðarstjórn vegna skilgreindra verkefna á hátíðarsvæði.

Upplýsingafulltrúi setur kynningarefni vegna Humarhátíðar inn á heimasíðu sveitarfélagsins.

Eftirlitsmaður fasteigna og starfsfólk í áhaldahúsi aðstoðar hátíðarstjórn.

Sjá nánar í 5. gr.

Starfsmenn sveitarfélagsins og hátíðarstjórn skulu funda fyrir 15. maí og vinna verk- og framkvæmdaáætlun vegna hátíðarinnar.

5. gr.

Þjónusta, tæki og búnaður sveitarfélagsins til afnota

- Afnot og umsjón með facebook síðu Humarhátíðar; <https://www.facebook.com/Humarhatid/>, aðgang að upplýsingafulltrúa sveitarfélagsins með að setja inn efni á heimsíðu sveitarfélagsins.
- Afnot af hafnarsvæði og/eða miðsvæði samkvæmt samkomulagi og nánari skilgreiningu. Skal vinnast í samráði við starfsmenn.
- Forstöðumaður íþróttamannvirkja aðstoðar hópinn.
- Stýrihópur um humarhátíð, sem í sitja forstöðumaður íþróttamannvirkja, forstöðumaður Menningarmiðstöðvar, atvinnu- og ferðamálafulltrúi, verkefnastjóri heilsueflandi samfélags og fulltrúi frá áhaldahúsi, skal funda með hátíðarstjórn fyrir 3. júní til að fara yfir þau verkefni sem snúa að sveitarfélaginu.
- Hátíðarstjórn fundar með stýrihópnum til tryggja gott samstarf um framkvæmd hátíðarinnar.
- Afnot af langborðum sem tilheyra íþróttahúsi og stólum eftir nánara samkomulagi við eftirlitsmann fasteigna og forstöðumann íþróttamannvirkja.
- Afnot af fánastöngum og fánum í eigu bæjarins, ásamt bekkjum, sölukofum og ruslatunnum ásamt rafmagnsköplum í eigu sveitarfélagsins.
- Áhaldahús tryggir að ástand búnaðar sé í lagi og tryggir jafnframt flutning búnaðar á hátíðarsvæðið.
- Hátíðarstjórn sér um ruslahreinsun á hátíðarsvæði. Gert verður ráð fyrir endurvinnslu sorps eftir aðstæðum.
- Starfsmenn áhaldahúss sjá um að fjarlægja það sorp sem safnast á hátíðarsvæði í samráði við hátíðarstjórn.
- Aðgengi að íþróttahúsi og salernum á gangi Heppuskóla á meðan á humarhátíð stendur í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja.
- Aðgengi að Sindrabæ í samráði við þá sem hafa húsnæðið til afnota á hverjum tíma.

6. gr.

Verkefni og ábyrgð Humarhátíðarstjórnar

- Greiðir skatta og skyldur af hátíðinni
- Aflar tilskilinna leyfa.
- Tryggir og greiðir fyrir löggæslu á hátíðinni með samningi við embætti lögreglustjórans á Suðurlandi, ef við á.
- Hátíðarstjórn sér um að önnur gæsla á hátíðarsvæðinu sé fullnægjandi meðan á skipulagðri dagskrá humarhátíðarnefndar stendur.
- Skila útivistarsvæðum, húsum og munum í því ástandi sem það var í fyrir hátíðina.
- Hátíðarstjórn skal senda sveitarfélaginu ársreikning vegna hátíðarinnar og skila uppgjöri vegna hátíðarinnar eigi síðar en 1. september 2024.

7. gr.

Verkefni og ábyrgð Sveitarfélagsins Hornafjarðar

- Að bærinn verði vel hirtur, götur og plön á hátíðarsvæði sópuð og gras slegið.
- Unnið sé í nánú samstarfi við áhaldahús í aðdraganda hátíðar.
- Að vinna að því með hátíðarstjórn í samráði við lögreglu og að loka götum þar sem þess þarf.
- Að hátíðargestum verði boðið í sund á laugardags- og sunnudagsmorgun frá klukkan 10:00 til 12:00.
- Að koma ruslatunnum á svæðið.
- Að koma sölubásunum á svæðið.

Hornafjörður 30. 04. 2024

F.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar

F.h. Húmarhátíðarstjórnar